

**I lari ei**

Komd'að leika, komd'að leika  
Komd'í fullt af leikjum nú  
Komd'að hoppa, komd'að sippa  
komd'í París og snú snú

Létt við snúum sippubandi  
síðan hoppum ég og þú  
Þetta er sko enginn vandi  
öll við saman syngjum nú

**I lará, lará, lará, ei, o, o, o,  
I lará, lará, lará, ei, o, o, o,  
I lará, lará, lará, ei, o, o, o,  
fram og aftur, upp og niður  
aldrei fáum af því nóg**

Allir krakkar er'að leika  
ofsalega er gaman nú  
Allir klappa, allir klappa  
og svo hoppum ég og þú

Áfram allur krakkafansinn  
er svo samtaka í dag  
Allir dansa sama dansinn  
dans' og syngja þetta lag

**I lará, lará, lará, ei, o, o, o,  
I lará, lará, lará, ei, o, o, o,  
I lará, lará, lará, ei, o, o, o,  
fram og aftur, upp og niður  
aldrei fáum af því nóg**